

Til foreldra nýnema
í framhaldsskólum

18 ÁRA ÁBYRGÐ

SLAKAÐU Á

EN SLEPPTU EKKI

**Til hamingju með
framhaldsskóla-
nemann þinn!**

Framundan eru ný og spennandi verkefni fyrir þig og unglinginn þinn og við úrlausn þeirra þarf unglingurinn áfram á umhyggju og aðhaldi að halda.

18 ÁRA ÁBYRGÐ

Atriði til að hafa í huga:

18 ára ábyrgð – slakaðu á en slepptu ekki

Á þessum tímamótum er mikilvægt að rifja upp að við foreldrar berum ábyrgð á börnum okkar til 18 ára aldurs.

Við þurfum að vera til staðar, leiðbeina, ræða málin og setja skýr mörk. Rannsóknir sýna að unglíngum sem upplifa umhyggju, aðhald og effirlit foreldra sinna líður betur, þeim gengur betur í skólanum og neyta síður áfengis og annarra vímuefna.

Stuðningur til náms – fá lykil- orð, fylgjast með mætingu og einkunnum

Mikilvægt er að foreldrar sýni námi unglínganna áhuga, styðji þau eftir mætti og veiti þeim aðhald. Foreldrar geta fengið lykilorð og aðgang að vef skólans þar sem hægt er að fylgjast með mætingu/skólasókn og einkunnum nemandans þar til hann nær 18 ára aldri. Við foreldrar berum ábyrgð á börnunum okkar og eigum að grípa inn í ef okkur grunar að ekki sé allt með felldu. Í framhaldsskólum eru umsjónarkennarar, námsráðgjafar og forvarnafullfrúar sem velkomið er að leita til með hvers kyns mál.

Félagslíf

Námi í framhaldsskóla fylgir oft á tíðum öflugt og fjölbreytt félagslíf. Það er mjög jákvætt enda öðlast nemendur þar reynslu sem þroskar þau og eflir. Þó er nauðsynlegt að við foreldrar setjum mörk, ræðum við unglíngana okkar og grípum inn í ef við sjáum að námið líður fyrir félagslífið.

Nýir vinir

Unglíngarnir okkar eignast nýja vini og kunningja í framhaldsskóla. Það er mikilvægt að við foreldrar leggjum okkur fram um að kynnast þessum nýju vinum og þeirra daglega umhverfi. Ef foreldrar þekkja vini unglínganna sinna og eru málkunnugir foreldrum þeirra eru unglíngarnir síður líkleg til að lenda í vímuefnavanda.

Skemmtanir og „hittingar“

Böll eru áberandi hluti félagslífs í framhaldsskólum. Um þau gilda reglur sem nauðsynlegt er að foreldrar kynni sér. Partý eru vinsæl hjá framhaldsskólanemum og mjög jákvætt að foreldrar opni heimili sín fyrir vinum unglínganna sinna en það er afar mikilvægt að alltaf sé einhver ábyrgur fullorðinn til staðar.

Með almennri notkun farsíma og tölvu eru skilaboðin um effirlitslaus partý fljót að berast. Inn á heimilið geta komið einstaklingar sem ekki eru traustsins verðir og unglíngarnir okkar þá lent í aðstöðu sem þeir ráða ekki við. Ef foreldrar/forráðamenn samþykkja drykkju ungmenna í heimahúsum þá eru þeir samtímis að leyfa börnum annarra að drekka án þess að foreldrar þeirra fái nokkuð að gert.

Áfengi og bjórkvöld

Samkvæmt landslögum er óheimilt að selja, útvega og afhenda ungmönnum undir 20 ára aldri áfengi. Svokölluð bjórkvöld sem mjög hafa rutt sér til rúms eru ekki haldin á vegum skólanna heldur stendur einhver skólanum óviðkomandi fyrir þeim hverju sinni. Nauðsynlegt er að foreldrar taki höndum saman, setji skýr mörk og spyrni við áfengisneyslu framhaldsskólanema. Með því að útvega unglingum áfengi eru foreldrar búnir að samþykka drykkjuna. Norrænar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem fá áfengi heima hjá sér drekka meira og er því hættara við að lenda í vandræðum sem tengjast áfengisdrykkju.

Því seinna – því betra

Það hefur sýnt sig að því seinna sem ungt fólk hefur neyslu áfengis og tóbaks því minni líkur eru á að það leiðist í neyslu annarra vímuefna, hætti í skóla eða lendi í öðrum erfiðleikum. Það er því mikilvægt að unglingar fái stuðning frá fjölskyldum og skóla til að standa við þá ákvörðun sína að nota ekki tóbak, drekka ekki áfengi né neyta annarra vímuefna.

Gagnlegar upplýsingar

Flestir framhaldsskólar hafa heimasíðu þar sem má finna upplýsingar um félagslíf og forvarnastefnu skólans, nöfn og netföng starfsmanna o.fl. Sífellt fleiri framhaldsskólar hafa nú foreldrafélag innan sinna vébanda. Mikilvægt er að kynna sér hvort svo sé í skóla unglingsins, hvernig starfseminni er háttað og taka þátt í því starfi.

Bæklingurinn er unninn í samvinnu við forvarnafulltrúa framhaldsskólanna.

Bæklingin má einnig finna sem pdf-skjal á vefsíðunni: www.samanhopurinn.is

ข้อมูลสารสนเทศที่สามารถดูได้ที่เว็บไซต์:
www.samanhopurinn.is

Có thể tìm các chi tiết thông tin trên mạng:
www.samanhopurinn.is

El folleto también se encuentra en:
www.samanhopurinn.is

Te broszurę można również znaleźć na stronie internetowej:
www.samanhopurinn.is

This pamphlet is also available on:
www.samanhopurinn.is

Knygu te taip pat galima rasti internetiniame puslapyje:
www.samanhopurinn.is

Prevod ove brosure u pdf formi mozete naci na web stranici: www.samanhopurinn.is



www.samanhopurinn.is



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

HOFF HEILSUEFLING
OG FORVARNIR
I FRAMHALDSSKOLUM